

# **Minnispunktur vegna aðalbókar janúar-júlí 2014.**

## **02 félagsþjónusta**

**Launakostnaður:** Ekki er búið að færa í fjárhagsáætlun viðbótakostnað vegna launahækkanna sem hafa orðið á árinu. Hækkun launa hjá BHM er 9%. Reiknast þetta sem viðbótar kostnaður að fjárhæð kr. 43.000.000. Hækkað almennt sem nemur 6 %.

**Almenn fjárhagsaðstoð:** Stefnir á að fari fram úr áætlun. Þó hefur dregið úr hækkuninni á milli árána 2013 og 2014. Var í janúar 17% en er komin í 8,13% með Áfram verkefninu. Miðað við „áætlun tímabils“ er yfir keyrslan kr. 17.631.101. Ákveðið var að bíða með viðauka þar til ljóst verður með árangur af Áfram-verkefninu.

**Húsaleigubætur:** Fara fram úr áætlun samkvæmt aðalbókinni. Jöfnunarsjóður greiðir mánaðarlega fasta fjárhæð sem er undir réttu fjárhæð sem síðan er leiðrétt á þriggja mánaðar fresti. Af þessum sökum er endurgreiðslan vanbókuð kr. 9.535.472. Miðað við við þessar leiðréttingar þá er staðan 66% eða kr. 17.995.569 umfram miðað við áætlun tímabils. Bíða með viðauka sjá hvernig þróast.

**Dvalargj.- og vistunarkostnaður:** Búið er að samþykkja viðauka vegna vistunarkostnaðar í barnavernd. Viðaukinn hefur ekki verið færður.

**Tómst.st. aldraða og heimþjónusta:** Aukning í heimsendum mat. Skammtar hafa aukist 2013/2014 um 35%. Miðað við áætlun tímabils kr. 3.700.000 fram úr áætlun. Aukning í tekjum á móti vinnur það ekki upp þar sem maturinn er sendur undir kostnaðarverði.

**Liðveisla fatlaða** Almenn þjónusta (þjónustsamningar ofl) fatlað fólk er á áætlun. Þó verður að það með í reikningin að lotun reikninga er mjög ójöfn.

**Atvinna með stuðningi:** Endurgreiðsla frá ríki er komin í kr. 7.714.617. Sem er ekki búið að bóka. Tryggingastofnun er rukkuð einu sinni á ári. Mikilvægt að hér séu gerðar breytingar þannig að Tr sé krafín um endurgreiðslu helst mánaðarlega.

**Heimilis fatlaðs fólks:** Þegar búið er að taka tillit til veikindapottar og launahækkunar (sjá ofar) þá eru heimilin í heild í lagi. Tekjur vegna skammtímavistunarinnar í Hnotubergi hafa lækkað á milli ára. Annað hvort stafar það af því að reikningar 2013 voru of háir og voru samþykktir af sveitarfélögum eða vægi Hafnfirðinga hefur aukist í skammtímavistun í Hnotubegi. Þá hefur áætlun vegna Berjahlíðar lækkað um 2 millj á milli árána 2013 og 2014. Við skoðun á stöðu heimilanna er rétt að hafa í huga að stórhátíðaralagið og stór hluti sumarleyfa er kominn til bókunar. Skýrir það að sum heimilin eru komin yfir. Forstöðumenn eru boðaðir á greiningarfundi 5.sept – 10.sept.

**Drekavellir/frekari liðveisla er að fara fram úr. Þar sem einstaklingum í frekari liðveislu hefur aukist úr 12 í ársbyrjun og er núna komnir í 22. Lokað hefur verið fyrir frekari viðbót að sinni.**

Skýringar	Leiðréttingar	Fjárhæð
Heildaráætlun vegna 02 2014		2.385.381.922
Nýting miðað við jafna dreifingu (58.33%)		1.391.393.275
Staða miðað við aðalbók 31.júlí 2014		1.507.661.352
Raun staða umfram áætlun		116.268.077
Viðauki vegna dvalarkostnaðar	42.000.000	
Áætlun viðbót vegna launahækkana BHM	43.000.000	
Fjárhagsaðstoð umfram áætlun (Áfram innifalin)	17.631.101	
Vanbókaðar tekjur vegna húsaleigubóta	9.535.472	
Húsaleigubætur umfram áætlun	17.995.569	
Heimsendur matur umfram áætlun	3.700.000	
Óbókaðar tekjur vegna AMS	7.714.617	141.576.759
Áætlun umfram raun eftir leiðréttingar		25.308.682

Þegar tekið hefur verið tillit til þeirra atriða sem rakin eru hér að framan er félagsþjónustan jákvæð um 25 millj. eftir fyrstu sjö mánuði ársins.

### **06 Íþrótt- og tómstundadeild**

Hjá 06 vantar viðauka vegna launahækkana eins og vegna 02 vegna BHM starfsmanna.

**Skrifstofa æskulýðsmála:** Launaliður er komin kr. 1.692.666 miðað við jafna áætlun. Liggur líklega í yfirvinnu vegna 17.júní. Er verið að athuga með deildarstjóra.

**Vinnuskólinn:** Ekki var gert ráð fyrir kjarasamnings launhækkun í áætlun. Búið er að senda millifærslu beiðni til garðyrkjudeildar vegna hlutdeildar í launakostnaði kr. 30.070.136.

**Félagsmiðstöðvar:** Áætlun vegna félagsmiðstöðva var lækkuð um kr. 6.588.596 frá innsendum tillögum. Þó eru Ásinn og Vitinn í athugun því þær félagsmiðstöðvar eru búnar að nota óvenju mikið af áætluninni.

**Frístundaheimili:** Almennt eru frístundaheimili búnin að nota 67,02% af fjármagni. Eftir er að millifæra kr. 10.000.000 af Húsinu. Verður að bíða með það þar til ljóst er hvernig launadeildin bókar sumarnámskeiðin. Vantar viðauka vegna launahækkana. Tekjur eru vel yfir áætlun vegna aukinnar aðsóknar.

Í heild er staðan vegna félagsmiðstöðva og frístundarheimili 64,52% miðað við jafna dreifingu og vantar kr. 10.070.647. Stafar það af því að við áætlunargerð var ekki gert ráð fyrir launum vegna forstöðumanna hjá félagsmiðstöðvum og mikilar aukningar í aðsókn frístundarheimila.

**Húsið o.fl:** Er á áætlun þegar búið er að gera reikning vegna Hússins. Beðið verður með að gera millifærslu yfir á 02 þar til staðan á þeim málaflokki er ljós. Núna undir kr. 10.000.000.

**Samningar við íþróttafélögin:** Samþykktur var viðauki í byrjun árs til að leiðrétta 15% skerðingu á samningum íþróttafélaganna. Viðaukinn hefur ekki verið færður á fjárhagsáætlun.

Skýring	Nýting
Aðalbók með vinnuskóla	63,00%
Aðalbók án vinnuskóla	57,94%

Rétt nýtingarhlutfall 58,33%

### 13

Endurgreiðslureikningar til VMST vegna atvinnumiðstöðvar og Liðstyrks er gerður mánuði eftir á. Reikningur vegna sumarátaks er gerður í ágúst þegar vinnu lýkur.

Liðir eru annað hvort á áætlun eða undir áætlun.